

# Úttekt á kennslu í fjármálalæsi í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi

Breki Karlsson



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Unnið af Stofnun um fjármálalæsi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Apríl 2016



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Töflur og myndir.....	3
Samantekt.....	5
Inngangur.....	6
Fjármálalæsi í námskrám.....	8
Meginniðurstöður.....	9
Mat og tillögur úttektaraðila.....	10
Niðurstöður viðtala við þátttökuskóla tilraunaverkefnis.....	11
Niðurstöður spurningakönnunar.....	13
Heimildir.....	40

## Töflur og myndir

Tafla 1: Svörun eftir skólastigum og meginstarfi.....	13
Tafla 2: Spurning 5.....	16

Mynd 1: Spurning 4 – Yngsta stig grunnskóla.....	14
Mynd 2: Spurning 4 – Miðstig grunnskóla.....	14
Mynd 3: Spurning 4 – Unglingastig grunnskóla.....	15
Mynd 4: Spurning 4 – Framhaldsskólastig.....	15
Mynd 5: Spurning 4 – Öll skólastig.....	16
Mynd 6: Spurning 6 – Yngsta stig grunnskóla.....	17
Mynd 7: Spurning 6 – Miðstig grunnskóla.....	17
Mynd 8: Spurning 6 – Unglingastig grunnskóla.....	18
Mynd 9: Spurning 6 – Framhaldsskólastig.....	18
Mynd 10: Spurning 7 – Yngsta stig grunnskóla.....	19
Mynd 11: Spurning 7 – Miðstig grunnskóla.....	19
Mynd 12: Spurning 7 – Unglingastig grunnskóla.....	20
Mynd 13: Spurning 7 – Framhaldsskólastig.....	20
Mynd 14: Spurning 7 – Öll skólastig.....	21
Mynd 15: Spurning 9 – Yngsta stig grunnskóla.....	22
Mynd 16: Spurning 10 – Yngsta stig grunnskóla.....	23
Mynd 17: Spurning 11 – Yngsta stig grunnskóla.....	23
Mynd 18: Spurning 12 – Miðstig grunnskóla.....	24
Mynd 19: Spurning 13 – Miðstig grunnskóla.....	24
Mynd 20: Spurning 14 – Miðstig grunnskóla.....	25
Mynd 21: Spurning 15 – Unglingastig grunnskóla.....	25
Mynd 22: Spurning 16 – Unglingastig grunnskóla.....	26
Mynd 23: Spurning 17 – Unglingastig grunnskóla.....	26
Mynd 24: Spurning 18 – Framhaldsskólastig.....	27
Mynd 25: Spurning 19 – Framhaldsskólastig.....	27
Mynd 26: Spurning 20 – Framhaldsskólastig.....	28
Mynd 27: Spurning 21 – Yngsta stig grunnskóla.....	28
Mynd 28: Spurning 21 – Miðstig grunnskóla.....	29
Mynd 29: Spurning 21 – Unglingastig grunnskóla.....	29
Mynd 30: Spurning 21 – Framhaldsskólastig.....	30
Mynd 31: Spurning 21 – Öll skólastig.....	30
Mynd 32: Spurning 22 – Yngsta stig grunnskóla.....	31
Mynd 33: Spurning 22 – Miðstig grunnskóla.....	32
Mynd 34: Spurning 22 – Unglingastig grunnskóla.....	33
Mynd 35: Spurning 22 – Framhaldsskólastig.....	34
Mynd 36: Spurning 22 – Öll skólastig.....	35



## Samantekt

Úttekt þessi er gerð af Stofnun um fjármálalæsi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið í kjölfar tilraunaverkefnis sem ráðuneytið styrkti á árunum 2012-2014. Lögð var spurningakönnun fyrir stjórnendur og kennara í öllum grunn- og framhaldsskóla á Íslandi auk þess sem tekin voru viðtöl við þátttakendur í tilraunaverkefninu. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á stöðu kennslu í fjármálalæsi í grunn- og framhaldsskólum með hliðsjón af aðalnámskrám.

Fjármálalæsi er kennt í flestum skólum eins og námskrár gera ráð fyrir eða í 87% grunnskóla og 90% framhaldsskóla og oftast sem hluti af öðru námsefni en ekki sérstök námsgrein. Í grunnskólum er algengast að fjármálalæsi sé kennt sem hluti af stærðfræði en í framhaldsskólum er algengast að fjármálalæsi sé hluti af lífsleikni. Þá er langalgengast að kennarar útbúi námsefni sjálfir, en ein helsta hindrunin í vegi fyrir kennslu í fjármálalæsi er einmitt talin vera skortur á námsefni. Nemendur grunn- og framhaldsskóla fá að jafnaði 11 kennslustundir í fjármálalæsi á yfirstandandi skólaári.

Kennarar allra skólastiga telja að hvorki gangi vel né illa að upfylla kröfur námskráa um hæfniviðmið. Námsárangur í fjármálalæsi er sjaldnast metinn sérstakega á grunnskólastigi, en það er gert í meirihluta tilvika á framhaldsskólastigi.

Rúmur þriðjungur svarenda kemur á framfæri atugasemdum eða tillögum til úrbóta um kennslu í fjármálalæsi sem flokka má í þrjá meginflokka: ákall um frekara námsefni, rýmri kennslutíma og athugasemdir er varða stefnumótun. Meðal annars er kallað eftir samráðsvettvangi um kennslu í fjármálalæsi og nokkurs konar vísindagarðs þangað sem sækja megi skemmtun og fræðslu.

Meginþráðurinn í svörum þátttakenda í tilraunaverkefni í fjármálalæsiskenndu er að væntingar til verkefnisins voru aðrar en raunin varð og að endurgjöf verkefnisstjóra til þátttökuskóla hefði verið ábótavant.

Tillögur úttektaraðila fela meðal annars í sér að efnt verði til þjóðaráttaks í fjármálalæsi í samstarfi allra hagsmunaaðila á grundvelli þessarar úttektar og hvítbókar OECD. Til að mæta ákalli um aðgengi að námsefni verði stofnaður veflægur vettvangur kennslu í fjármálalæsi þangað sem kennarar geti leitað sér fanga til kennsluefnis og samskipta um góða kennsluhætti í fjármálalæsi. Á þeim vettvangi verði miðlað af bestu starfsháttum og kynnt tilmæli OECD og International Network for Financial Education um kennslu í fjármálalæsi. Haldnar verði námsefniskynningar í öllum landshlutum. Þá verði kennsla í fjármálalæsi könnuð á ný að einhverjum tíma liðnum og hún borin saman við þessa könnun til að mæla hvernig til tekst. Að lokum er lagt til að Ísland taki þátt í PISA rannsókn OECD í fjármálalæsi til jafns við aðrar námsgreinar.

## Inngangur

Samkvæmt fjölda rannsókna er fjármálalæsi ábótavant víða um heim (Breki Karlsson o.fl. 2009). Fjölmargar þjóðir hafa því lagt mikla áherslu á að efla fjármálalæsi almennings, sér í lagi ungs fólks. Þá hafa alþjóðastofnanir látið sig málið varða: „Ég styð eindregið eflingu fjármálalæsis ungs fólks og trúi að það muni leiða til meiri atvinnuþátttöku og aukinnar nýsköpunar“ (Ban Ki-moon 2012). Þá hefur fjármálalæsi verið hluti af PISA rannsóknum Efnahags og framfarastofnunarinnar, OECD, ásamt lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræðilæsi frá árinu 2012. Aðalritari OECD segir: „Efling fjármálalæsis hefur aldrei verið mikilvægara en nú þegar sífellt yngra fólk þarf að kljást við flóknar ákvarðanir í fjármálum sem móta framtíð þeirra“ (Angel Gurría 2014).

Á Íslandi er mikilvægi fjármálalæsis sem grundvallarhæfni í nútímapjóðfélagi meðal annars undirstrikað með því að fjármálalæsi hefur verið snar þáttur í aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013. Það er ennfremur sérstakt áhersluatriði í stjórnarsamþykkt ríkisstjórnarinnar. Í ræðu á nýloknu ársþingi Seðlabankans tilgreindi Seðlabankastjóri fjármálalæsi sem eitt fjögurra atriða sem á næstu misserum geta haft mikil áhrif á þróun fjármálakerfisins. „Ýmsar rannsóknir sýna að aukið fjármálalæsi bætir stöðugleika fjármálakerfisins, miðlun peningastefnu og skilning á peningalegum aðgerðum.“ (Már Guðmundsson 2016)

Einstaklingar standa stöðugt frammi fyrir flóknum ákvörðunum sem hafa áhrif á efnahagslega velferð þeirra til lengri og skemmri tíma. Því verða þeir að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að taka upplýstar ákvarðanir hverju sinni útfrá eigin þörfum og löngunum. Stjórna þarf áhættu, eiga varasjóð, tryggja sig hæfilega, forðast að sökkva sér í of miklar skuldir og leggja fyrir til eiliáranna. Þetta krefst yfirsýnar, langtímahugsunar og góðrar ákvarðanatöku.

Á hinn bóginn geta lakar ákvarðanir í fjármálum haft langvarandi áhrif á einstaklinga, fjölskyldur, fyrirtæki og þjóðfélagið í heild. Í átta landa samanburðarrannsókn Lusardi og Mitchell (2011) kom fram að afar lítill hluti fólks á vinnumarkaði leiddi hugann að starfslokum, hvað þá að það reiknaði út hversu mikið það þyrfti að leggja fyrir til eftirlaunaáranna. Í rannsókninni voru tengsl á milli fjármálalæsis og fjárhagslegrar fyrirhyggju þegar kom að áætlanagerð vegna eftirlaunaáranna. Það er að segja, því hærra stig fjármálalæsis, þeim mun líklegra var fólk til að hafa gert ráðstafanir til efrri áranna. Þá hefur skortur á fjármálalæsi verið tengdur við minni lífsgæði, líkamlega og andlega vanlíðan og meiri þörf á opinberri aðstoð (Lyons, 2007).

Fjármálalæsi getur skipt sköpum. Það eflir og eykur þekkingu, hæfni og tiltrú fólks á sjálft sig og hvetur það til að taka stjórn á eigin lífi og skjóta traustum stöðum undir öruggari framtíð, sjálfu sér og fjölskyldum sínum til handa (OECD, 2009).

Fjármálalæsi almenningur veitir einnig stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald og eykur þannig stöðugleika og hagvöxt. OECD hefur gefið út stefnumótandi leiðbeiningar um eflingu fjármálalæsis (OECD, 2013) ásamt því að þróa spurningalista (OECD, 2015) sem metur og ber saman fjármálalæsi fólks með ólíkan bakgrunn frá mismunandi löndum.

Þá benda nýlegar rannsóknir Fernandez, Lynch og Netemeyer (2013) til þess að menntun í fjármálalæsi renni út, eða gleymist, sé henni ekki haldið við eða þekkingin notuð yfir ákveðinn tíma. Það er því mikilvægt að halda áfram að efla fjármálalæsi með skilvirkum aðgerðum allra hagsmunaaðila; menntastofnana, atvinnulífsins, launþegahreyfinga, fulltrúa neytenda sem og stjórnvalda.

## Markmið og aðdragandi

Úttekt þessi er gerð af Stofnun um fjármálalæsi að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Aðdraganda hennar má rekja til tilraunaverkefnis stýrihóps um fjármálalæsi sem menntamálaráðherra skipaði 2011, en markmið hans var að „að auka fjármálalæsi yngri kynslóða með markvissri kennslu um fjármál“ (Stýrihópur, 2014).

Samkvæmt nýjum aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla frá 2011 er gert ráð fyrir að fjármálalæsi sé hluti af menntun hins almenna borgara. Einnig er læsi einn af sex grunnþáttum menntunar. Í aðalnámskrá grunnskóla er sérstaklega tiltekið að fjármálalæsi eigi að vera hluti af stærðfræði, heimilisfræði og samfélagsgreinum. Í aðalnámskrá framhaldsskóla er sérstaklega tiltekið að fjármálalæsi sé nátengt samfélagsfræði.

Markmið úttektarinnar er að athuga og leggja mat á stöðu kennslu í fjármálalæsi í grunn- og framhaldsskólum með hliðsjón af aðalnámskrám. Kannað er hvernig stjórnendur og kennarar telja skóla sína uppfylla ákvæði aðalnámskráa og hæfniviðmið. Sérstaklega var spurt um tilraunaverkefni stýrihóps um fjármálalæsi á árunum 2012-2014 og hvernig þátttakendur meti ávinning af verkefninu.

## Aðferð

Stofnun um fjármálalæsi samdi spurningar í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið og sendi beiðni um þátttöku með tölvupósti til stjórnenda allra grunn- og framhaldsskóla á Íslandi. Haldið var utan um spurningar og svör með netlæga spurningahugbúnaðinum SurveyMonkey. Alls voru lagðar 14 spurningar fyrir þátttakendur og hvatt til þess að sem flestir kennarar og stjórnendur skólanna sem þekktu til málaflokksins tækju þátt.

Spurningakönnunin var lögð fyrir 18. janúar 2016 og var opið fyrir svör til 12. febrúar sama ár. Tvisvar á tímabilinu voru sendir ítrekunarpóstar til þeirra skóla sem ekki höfðu svarað. Spurningakönnunin náði til 177 grunnskóla og 34 framhaldsskóla. Alls bárust 219 svör frá 142 skólum; 110 af 177 grunnskólum (62%) og 29 af 34 framhaldsskólum (85%). Svarhlutfall grunn- og framhaldsskóla er hátt og því hægt að fullyrða með nokkurri vissu að svörin endurspeglu þýðið.

Jafnhliða voru tekin símaviðtöl við þá skóla sem tekið höfðu þátt í tilraunaverkefni um fjármálalæsi 2012-2014. Tekin voru viðtöl við þátttakendur úr grunnskólunum Hagaskóla, Haftralækjarskóla og Litlu-Laugaskóla, og þátttakendur framhaldsskólanna Menntaskólans á Akureyri og Fjölbrautaskólans við Ármúla.

Könnunin byggir á sjálfsmati kennara og skólastjórnaenda og því alltaf hættu á matsbjögun (*e. reporting bias*) sem þýðir að þátttakandi velur hversu mikið hann kýs að afhjúpa sig. Þannig er þekkt hættan á að sjálfsmat skili „fegruðum svörum“, það er að segja að dregið sé úr þætti óæskilegrar hegðunar og æskileg hegðun ýkt. Draga má úr áhrifum matsbjögunar með því að endurtaka könnunina að nokkrum tíma liðnum og bera svarþróunina saman, þar sem gera má ráð fyrir samskonar bjögun í samskonar matskönnun í framtíðinni.

## Fjármálalæsi í námskrám

Í sameiginlegum inngangskafli námskráa leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eru eftirfarandi grunnþættir í íslenski menntun skilgreindir: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

### Aðalnámskrá grunnskóla

Þekking, leikni og hæfni eru lykilhugtök í aðalnámskrá grunnskóla. Fjármálalæsis er sérstaklega getið í hæfniviðmiðum fyrir heimilisfræði, samfélagsgreinar og stærðfræði, og er viðmiðum lýst sérstaklega fyrir hvert grunnskólastig fyrir sig.

#### Heimilisfræði

Í hæfniviðmiðum fyrir heimilisfræði á bls. 154 í aðalnámskrá grunnskóla segir meðal annars að við lok 4. bekkjar geti nemandi „...tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt.“ Að við lok 7. bekkjar geti nemandi „...gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd.“ Að við lok 10. bekkjar geti nemandi „...greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald og geti tekið ábyrgð á eigin útgjöldum og skuldbindingum og þekkt rétt sinn og skyldur sem neytandi.“

#### Samfélagsgreinar

Í hæfniviðmiðum fyrir samfélagsgreinar á bls. 200 í aðalnámskrá grunnskóla segir meðal annars að við lok yngsta stigs sé gert ráð fyrir að nemandi geti „lýst kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu.“ Við lok miðstigs geti nemandi „sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið.“ Við lok unglingsstigs geti nemandi „tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verið gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði...“

#### Stærðfræði

Í hæfniviðmiðum fyrir stærðfræði á bls. 213 í aðalnámskrá grunnskóla segir meðal annars að við lok 4. bekkjar geti nemandi „notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.“ Við lok 7. bekkjar þekki nemandi helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn.“ Við lok 10. bekkjar þekki nemandi „helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn.“

### Aðalnámskrá framhaldsskóla

Aðalnámskrá framhaldsskóla er ekki eins skýr og aðalnámskrá grunnskóla þegar kemur að fjármálalæsi. Þannig er hugtaksins fjármálalæsis aðeins getið einu sinni í henni:

„Efnahagslegur þáttur sjálfbærrar þróunar er nátengdur bæði umhverfis- og samfélagsþættinum. Efnahagskerfi samfélaga skipa stórt hlutverk þegar kemur að skynsamlegri nýtingu auðlinda og sanngjarnri skiptingu þeirra. Þannig er mikilvægt að efnahagsvöxtur byggist hvorki á, né leiði til, óhóflegs ágangs á náttúruna. Framleiðsla og neysla eru órjúfanlegir þættir samfélags og um leið efnahags hvers einstaklings. Skilningur á eigin vistspori, vistspori samfélaga og þjóða stuðlar að sjálfbærri þróun og hófsemi. Neytendafræðsla og fjármálalæsi eru því mikilvæg forsenda þess að geta metið þarfir okkar í nútíð og framtíð.“ (bls. 18)

Þó er víðar komið inn á efnahagsmál og efnahagskerfi í námskránni þó þess sé ekki getið berum orðum, til dæmis í tengslum við sjálfbærni (bls. 11 og 35). Þannig segir meðal annars um lykilhæfni í menntun til sjálfbærni á bls. 35 að nemandi sé „fær um að taka gagnrýna afstöðu gagnvart umhverfi, samfélagi, menningu og efnahagskerfi.“ Þá segir í hæfniþrepum 1-4 í stærðfræði að „nemandi skuli geta hagnýtt þá almennu, sérhæfðu og fræðilegu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér t.d. á sviði ... daglegs lífs og almennrar menntunar, s.s. á sviði fjármála“ (bls. 94-97).



## Meginniðurstöður

-Samtals svöruðu 219 þátttakendur frá 149 skólum spurningakönnuninni; 110 af 177 grunnskólum (62%) og 29 af 34 framhaldsskólum (85%).

-Nemendur grunn- og framhaldsskóla fá að jafnaði 11 kennslustundir í fjármálalæsi á yfirstandandi skólaári og mun kennslustundum fjölga um eina á næsta ári samkvæmt mati þátttakenda í spurningakönnuninni.

-Samkvæmt þátttakendum er fjármálalæsi kennt í flestum skólum og oftast sem hluti af öðru námsefni en ekki sérstök námsgrein. Fjármálalæsi er ekki kennt í 19 grunnskólum (17% þáttökuskóla) og 3 framhaldsskólum (10% þáttökuskóla).

-Í grunnskólum er algengast að fjármálalæsi sé kennt sem hluti af stærðfræði og síðan lífsleikni. Í framhaldsskólum er algengast að fjármálalæsi sé hluti af lífsleikni og síðan stærðfræði og viðskipta- og hagfræði. Þá er langalgengast að kennarar á öllum stigum útbúi námsefni sjálfir.

-Þegar spurt er um hversu vel eða illa skólastigum gangi að uppfylla kröfur námskrár um hæfniviðmið telja langflestir að þeim sé hvorki náð vel né illa. Af þeim sem taka afstöðu eru fleiri sem telja að viðmiðum sé náð nokkuð vel. Tæplega helmingur svarenda framhaldsskóla telja skólana uppfylla vel viðmið námskrár í þekkingu, leikni, skilningi, gagnrýnni hugsun og hæfni á sviði fjármála og efnahags. Um tíundi hver telur viðmiðum náð nokkuð illa. Í námskrá framhaldsskóla er hæfniviðmiðum í fjármálalæsi ekki skipt niður á námsgreinar eins og í námskrá grunnskóla.

Samfélagsfræði og hæfniviðmið í fjármálalæsi: Um þriðjungur yngsta og miðstigs grunnskóla telja sig ná hæfniviðmiðum námskrár hvað varðar fjármálalæsi í samfélagsfræði nokkuð vel og um sjötti hver nokkuð illa eða afar illa. Á unglingsstigi telja 44% sig undirbúa nemendur nokkuð vel í samræmi við námskrá og 18% sig nokkuð illa.

Stærðfræði og hæfniviðmið í fjármálalæsi: Meirihluti yngsta stigs grunnskóla telja að hæfniviðmiðum námskrár hvað varðar fjármálalæsi í stærðfræði sé vel náð, en 69% svarenda telur yngsta stigið ná hæfniviðmiðum grunnskóla nokkuð vel eða afar vel, en einungis 6% telur yngsta stig gera það nokkuð illa. Á miðstigi skiptast svarendur í nokkuð jafnstóra hópa og 27% telja sig ná hæfniviðmiðum námskrár nokkuð vel og 23% nokkuð illa. Á unglingsstigi telja 44% sig ná markmiðum en einungis 9% nokkuð eða afar illa.

Heimilisfræði og hæfniviðmið í fjármálalæsi: Um þriðjungur allra grunnskólastiga telja sig ná hæfniviðmiðum námskrár í heimilisfræði vel. Einungis 14% yngsta stigs grunnskóla telur að hæfniviðmiðum sé illa náð, sem og þriðjungur miðstigs og 13% unglingsstigs.

-Námsárangur í fjármálalæsi er sjaldnast metinn sérstakega á grunnskólastigi, en það er gert í meirihluta tilvika á framhaldsskólastigi. Að jafnaði eru þátttakendur á öllum skólastigum sammála um að kennsla í fjármálalæsi feli í sér verklegar æfingar sem líkja eftir raunverulegum aðstæðum. Þegar kemur að því að nefna hindranir í vegi fyrir kennslu í fjármálalæsi nefna flestir skort á námsefni (96) og tímaskort (87). Þá telja margir (62) engar hindranir í vegi fyrir kennslunni. Næst kemur skortur á þekkingu kennara (47) og skortur á upplýsingum (30). Óljós markmið með kennslunni er nefnt 26 sinnum.

-Fimmtíuogníu svarendur (37%) völdu að koma á framfæri athugasemdum eða tillögum til mennta- og menningarmálaráðuneytisins þegar boðið var uppá það. Helst má flokka athugasemdirnar í ákall um frekara námsefni og rýmri kennslutíma og athugasemdir er varða stefnumótun. Lesa má út úr athugasemdum um að fjármálalæsi er kennurum hugleikið, þeir eru almennt jákvæðir í garð

fjármálalæsiskenndu. Þó eru margir sem hafa áhyggjur af skorti á námsefni og tíma til kenndu. Þátttakendur leggja til að fjármálalæsi eigi að vera sérstök námsgrein og að leggja eigi sem mesta áherslu á kenndu í efninu. Þá er áhugaverð hugmyndin um nokkurs konar vísindasmiðju sem hægt væri að heimsækja og fá skemmtun og skýringar á fjármálum.

-Jafnhliða spurningakönnuninni voru tekin viðtöl við verkefnastjóra í skólum sem tóku þátt í tilraunaverkefni um fjármálalæsiskenndu á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins 2013. Meginþráðurinn í svörum viðmælenda er að væntingar til verkefnisins voru aðrar en raunin varð og endurgjöf frá verkefnastjórn til tilraunaskóla hafi verið ábótavant. Þá er kallað eftir samráðsvettvangi um kenndu í fjármálalæsi.

## Mat og tillögur úttektaraðila

Það er mat úttektaraðila að könnun að svarhlutfall sé nægjanlegt til að draga megi greinargóðar ályktanir. Ef draga ætti saman niðurstöðurnar í eina málsgrein má segja að þátttakendur telja kenndu í fjármálalæsi skorta samhæfingu og stuðning. Meirihluti svarenda telur í flestum tilvikum að hæfnimarkmiðum námskránna sé hvorki vel né illa náð. Kennarar kalla eftir átaki til eflingar kenndu í fjármálalæsi, meðal annars með samráðsvettvangi til að deila reynslu, þekkingu og leiðbeiningum um bestu starfshætti.

-Úttektaraðili leggur til að efnt verði til þjóðaráttaks til eflingar fjármálalæsis. Lagt er til að á grundvelli þessarar skýslu verði ráðist í vinnu til að marka enn skýrari stefnu í kenndu í fjármálalæsi, með þátttöku mennta- og menningarmálaráðuneytis, sveitarfélaga og stofnana sem gæta hagsmuna almennings er snúa að fjármálalæsi. Marka þarf skýra stefnu, svo stjórnvöld, menntastofnanir og almenningur verði samstíga. Hvítbók OECD um innleiðingu landsáætlunar (Advancing National Strategies for Financial Education) í fjármálalæsi verði lögð til grundvallar og byggt á árlöngu og samstarfi opinberra stofnana um Alþjóðlega viku fjármálalæsis (sjá [www.fml.is](http://www.fml.is)).

-Efnt verði til ráðstefnu um kenndu í fjármálalæsi þar sem útfærsla þjóðaráttaksins verður kynnt og helstu sérfræðingar OECD miðla af bestu starfsháttum og fara yfir reynslubanka OECD og International Network for Financial Education um kenndu í fjármálalæsi.

-Gerðar verði leiðbeiningar fyrir kennara um mögulegt námsefni ásamt lista yfir æskilega þekkingu leikni og færni fyrir hvern árgang fyrir sig.

-Stofnaður verði vettvangur kenndu í fjármálalæsi þangað sem kennarar geti leitað sér fanga til kennsluefnis og samskipta um góða kennsluhætti í fjármálalæsi. Hluti af þessum vettvangi er gagnvirkur vefur fyrir kennara og leiðbeinendur þar sem námsefni í fjármálalæsi er safnað saman, flokkað og skráð. Vefurinn verði einnig umræðuvettvangur fyrir kennara. Til dæmis mætti leita í smiðju torganna hjá Menntasmiðju (Torgin, 2016) og stofna nokkurs konar Fjármálalæsisstorg.

-Fundað verði með kennurum og fræðsluskrifstofum í öllum landshlutum, þar sem miðlað verði af bestu starfsháttum og kynnt tilmæli OECD og International Network for Financial Education um kenndu í fjármálalæsi ásamt kynningu á námsefni sem í boði er.

-Að fenginni reynslu af átakinu yrði samskonar könnun lögð fyrir og svörin borin saman við þessa til að mæla hvernig til tekst.

-Meta þarf árangur nemenda í fjármálalæsi sérstaklega.

-Ísland taki þátt í PISA rannsókn OECD í fjármálalæsi til að sjá hvar íslensk ungmenni standa í samanburði við ungmenni annarra landa.

## Niðurstöður viðtala við þáttökuskóla tilraunaverkefnis

Eitt markmiða úttektarinnar var að kanna sérstaklega hvernig þáttökuskólar meti ávinning af tilraunaverkefni stýrihóps um fjármálalæsi sem stóð yfir frá 2012-2014. Þeir skólar sem þátt tóku frá 2012 voru Mela- og Hagaskóli í Reykjavík, Hafralækjar- og Litlu-Laugaskóli í Suður-Þingeyjarsýslu, Menntaskólinn á Akureyri og Fjölbrautaskólinn við Ármúla. Ári síðar bættust við Verkmennaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn við Sund, Flensborgarskóli, Fjölbrautarskóli Suðurnesja, Tækniskólinn, Grunnskóli Snæfellsbæjar, Grunnskólinn í Grindavík, Rimaskóli og Lágafellsskóli (Stýrihópur, 2014).

Haft var samband við alla skólana. Einungis náðist í viðmælendur frá þeim skólum sem tóku þátt frá árinu 2012. Aðrir viðmælendur sem náðist í ýmist svöruðu ekki ítrekuðum óskum úttektaraðila um viðtal eða báru fyrir sig að ekki náðist í umsjónaraðila verkefnisins eða aðra þá sem gætu svarað fyrir þátttöku skólans í verkefninu.

Leitast var við að spyrja opinna spurninga og inna eftir hvernig viðmælendum hafi fundist til takast með tilraunaverkefnið, þeir spurðir um hvað hefði gengið vel og hvað hefði betur mátt fara og hverjar ástæður þess hefðu verið. Eins var spurt um hvort markmið verkefnisins hefðu náðst og hversu raunhæf þau hefðu verið. Þá var spurt um hvernig verkefnið hjálpaði til við kennslu fjármálalæsis í skólunum og hvernig það hefði verið mælt. Að lokum var spurt um hvaða lærdóm mætti draga af verkefninu.

### Viðtöl við þátttakendur framhaldsskólanna

Viðhorf beggja framhaldsskólanna í úrtakinu til verkefnisins er tiltölulega neikvætt. Svarendum beggja skóla þykir lítið sem ekkert hafa komið út úr því.

Nokkurs misræmis gætti í væntingum skólanna til tilraunaverkefnisins og framkvæmd þess. Í öðrum skólanum var búið við að ráðuneytið myndi útvega námsefni til tilraunakennslu en ekki að skólinn þyrfti að útvega efnið sjálfur. Í hinum skólanum varð verkefnisstjórinn lítið var við verkefnið: „Verkefnið var ábyggilega fínt og fín vinna sem var unnin en við í framhaldsskólunum urðum lítið vör við nokkuð. Það eru gerðar flottar skýrslur og góðar tillögur, en þeim ekki fylgt eftir. Það skortir á eftirfylgni.“

Svarendur beggja skóla eru sammála um að fjármálalæsi sé afar mikilvægt, en að kennsluefni skorti sem og stuðning frá menntamálaráðuneytinu. „Það er eilíf barátta um tíma í kennslu og hvað eigi að vera skyldunám. Það þarf að taka af skarið og tryggja að fjármálalæsi verði hluti af lykilhæfni. Það þurfi að vera skyldufag, sem það er ekki í dag, og að bæði kennarar og nemendur vilji það.“ En til þess að það megi verða þarf að koma „skipun að ofan“.

### Viðtöl við þátttakendur grunnskólanna

Svarendum þykir markmið með tilraunaverkefninu hafi verið óljós og því ekki náðst, og einum svaranda fannst verkefnið „alger tímasóun“ og lítið sem ekkert hefði komið út úr því. Skort hefði á námsefni og boðleiðir óskýrar. Eins hefði árangur verkefnisins ekki verið mældur. Það hefði þurft að halda mun betur utan um tilraunaverkefnið og hafa boðleiðir skýrari. Ramma hefði þurft verkefnið betur inn og meta það fyrir og eftir framkvæmd þess.

Svarendur sögðu verkefnastjórn hafa verið ómarkvissa og verkefnastjóri kallað eftir efni í sífellu en endurgjöf frá honum hafi verið engin. Það jákvæða sem svarendur draga úr tilraunaverkefninu er að kennarar voru meira á tánum og duglegri að búa til verkefni og skrá þau niður til að deila með verkefnisstjóra. Einn skólinn leggur ennþá áherslu á samþætt námsefni þvert á greinar, sér í lagi í stærðfræði. En svarandi vildi aðallega þakka það áhuga kennara fremur en verkefninu. Annar nefndi að verkefnið hefði skilað sér einna helst í vitundarvakningu meðal kennara og í því að þeir fóru að nýta betur það námsefni í stærðfræði sem tengt er fjármálalæsi: „Vitundarvakning skiptir miklu máli.“

Einn viðmælenda óskaði eftir „...hugmyndabanka með verkefnum í fjármálalæsi og deila reynslu í kennslu í fjármálalæsi...“ þar sem verkefnum og reynslu væri skipt eftir skólastigum. Þá vildi hann „...vettvang til að hitta aðra kennara og deila reynslu og aðferðum.“

## Niðurstöður spurningakönnunar

### Spurning 1: Við hvaða skóla starfar þú?

Alls bárust 166 svör frá 110 af 177 grunnskólum, eða 62% starfandi grunnskóla á Íslandi.

Alls bárust 53 svör frá 29 af 34 framhaldsskólum, eða 85% framhaldsskóla á Íslandi.

Samtals bárust 219 svör frá 142 skólum.

7 svöruðu ekki þessari spurningu.

### Spurning 2: Við hvaða skólastig starfar þú í skólanum?

53 starfa á yngsta stigi, 66 á miðstigi og 104 á unglingastigi. Um 80% kennara á yngsta stigi starfa einnig á öðrum stigum, miðað við tæplega tvo þriðju hluta á miðstigi og 40% þeirra sem starfa á unglingastigi.

Alls bárust 53 svör frá 29 skólum á framhaldsskólastigi.

Langflestir þeirra 31 sem gáfu upp annað, sögðust starfa sem stjórnendur.

3 svöruðu ekki þessari spurningu.

### Spurning 3: Hvert er meginstarf þitt í skólanum?

	Hlutfall	Fjöldi
Ég er stjórnandi	42,79%	92
Ég kenni heimilisfræði	0,93%	2
Ég kenni samfélagsgreinar	9,30%	20
Ég kenni stærðfræði	17,67%	38
Ég kenni aðra námsgrein eða gegni öðru hlutverki	29,30%	63

4 svöruðu ekki þessari spurningu.

Starf/skólastig	Stjórnandi	Heimilisfr	Samfélagsgr	Stærðfræði	Annað	Samtals
Yngsta stig grunnskóla	60,38% (32)	1,89% (1)	5,66% (3)	1,89% (1)	30,19% (16)	28,19% (53)
Miðstig grunnskóla	56,06% (37)	1,52% (1)	1,52% (1)	6,06% (4)	34,85% (23)	35,11% (66)
Unglingastig grunnskóla	35,58% (37)	1,92% (2)	6,73% (7)	25,96% (27)	29,81% (31)	55,32% (104)
Framhaldsskólastig	39,62% (21)	0,00% (0)	18,87% (10)	15,09% (89)	26,42% (14)	28,19% (53)

Tafla 1: Svörun eftir skólastigum og meginstarfi

## Spurning 4: Hversu vel eða illa telur þú...

... kennslu í fjármálalæsi vera sinnt í skólanum þínum?


... að skólanum þínum takist að efla þekkingu nemenda í fjármálalæsi?

... að skólanum þínum takist að efla leikni nemenda í fjármálalæsi?

... að skólanum þínum takist að efla færni nemenda í fjármálalæsi?

### Yngsta stig grunnskóla


51 svaraði, 2 svöruðu ekki



Mynd 1: Spurning 4 – Yngsta stig grunnskóla

### Miðstig grunnskóla


65 svöruðu, 2 svöruðu ekki



Mynd 2: Spurning 4 – Miðstig grunnskóla

## Unglingastig grunnskóla


102 svöruðu, 2 svöruðu ekki



Mynd 3: Spurning 4 – Unglingastig grunnskóla

## Framhaldsskólastig


53 svör, enginn svaraði ekki



Mynd 4: Spurning 4 – Framhaldsskólastig

## Öll skólastig:

212 svör, 7 svöruðu ekki



Mynd 5: Spurning 4 – Öll skólastig

## Spurning 5: Hversu margar kennslustundir í fjármálalæsi fá nemendur að jafnaði skólaárið 2014-2015 og 2015-2016?

146 svöruðu, 73 svöruðu ekki

	2014-2015	2015-2016	breyting	fjöldi svara
Yngsta stig grunnskóla	10,25	11,64	13,56%	51
Miðstig grunnskóla	9,53	10,60	11,23%	66
Unglingastig grunnskóla	10,38	12,29	18,40%	102
Framhaldsskólastig	12,74	12,71	-0,24%	51
Allir	10,95	11,88	8,49%	146

Tafla 2: Spurning 5



## Spurning 6: Ef þú hugsar um skólann þinn og skólastigið (eða skólastigin) sem þú vinnur við, hvernig er fyrirkomulag kennslu í fjármálalæsi?

Fjármálalæsi er ekki kennt

Fjármálalæsi er kennt sem sérstök námsgrein eða sérstakur áfangi


Fjármálalæsi er kennt sem valgrein eða skylduáfangi

Fjármálalæsi er kennt sem hluti af annarri námsgrein eða áfanga

Fjármálalæsi er kennt sem hluti af annarri námsgrein eða áfanga

### Yngsta stig grunnskóla


50 svöruðu, 3 svöruðu ekki



Mynd 6: Spurning 6 – Yngsta stig grunnskóla

### Miðstig grunnskóla


62 svöruðu, 5 svöruðu ekki



Mynd 7: Spurning 6 – Miðstig grunnskóla

### Unglingastig grunnskóla


99 svöruðu, 5 svöruðu ekki



Mynd 8: Spurning 6 – Unglingastig grunnskóla

### Framhaldsskólastig

50 svöruðu, 3 svöruðu ekki




Mynd 9: Spurning 6 – Framhaldsskólastig

## Spurning 7: Sé fjármálalæsi kennt sem hluti af annarri námsgrein eða áfanga, vinsamlega tilgreindu hvaða. Veldu allt sem á við

### Yngsta stig grunnskóla


48 svöruðu, 15 svöruðu ekki



Mynd 10: Spurning 7 – Yngsta stig grunnskóla

### Miðstig grunnskóla


58 svöruðu, 9 svöruðu ekki



Mynd 11: Spurning 7 – Miðstig grunnskóla

## Unglingastig grunnskóla


94 svöruðu, 10 svöruðu ekki



Mynd 12: Spurning 7 – Unglingastig grunnskóla

## Framhaldsskólastig


40 svöruðu, 13 svöruðu ekki



Mynd 13: Spurning 7 – Framhaldsskólastig

## Öll skólastig

181 svöruðu, 38 svöruðu ekki



Mynd 14: Spurning 7 – Öll skólastig

## Spurning 8: Hvaða námsefni er notað til kennslu í fjármálalæsi á skólastiginu sem þú vinnur við í skólanum?

### Yngsta stig grunnskóla (1.-4.bekkur)

Svör bárust frá 44 og nefna sumir fleira en eitt námsefni.

12 Kennarar útbúa námsefni sjálfir

9 Auraráð

8 Efni af vef

7 Stærðfræðibækur

3 Splæs

2 Fjármálavit, leikir, gestafyrirlesarar, og vettvangsferðir

1 Aflatún, Excelverkefni, Hvað kosta ég, Sproti, Kennslupeningar, Skilningsbókin, Hvað kosta ég? og Ferð til fjár

### Miðstig grunnskóla (5.-7.bekkur)

Svör bárust frá 53 og nefna flestir fleira en eitt námsefni.

13 Kennarar útbúa námsefni sjálfir

10 Auraráð með 10

7 Stærðfræðibækur

5 Efni af vef og samræður

3 Gestafyrirlesarar og Splæs

2 Ferð til fjár, Hvað kosta ég og Fjármálavit

1 Ég er það sem ég vel, Fjármálalæsi - fjármál einstaklinga, Heimilsbókhald, Myndbönd um fjármálalæsi, Námskeið í Reykjaskóla, Aflatún, Vettvangsferð, Skilningsbókin, Efni frá banka, námskeið fjálmálafyrirtækja, Námsefni frá VR, Vettvangsferð, Lífsleikurinn og Excelverkefni

### Unglingastig (8.-10.bekkur)

Svör bárust frá 81 og nefna margir fleira en eitt námsefni

26 Kennarar útbúa námsefni sjálfir

17 Auraráð

13 Efni af netinu og stærðfræðibækur

9 Fjármálavit

7 Gestafyrirlesarar

6 Ferð til fjár

4 Hvað kosta ég? og Raunveruleikinn

2 Fyrirlestur frá fjálmálafyrirtæki, fyrirlestur stéttarfélags, Fjármálahreysti, Excel æfingar og vettvangsferðir

1 Fjármálalæsi frá Námsgagnastofnun, Ferð til fjár myndbönd af netinu, Aflatún, Splæs, Myndbönd, Fjármálafræðsla: kennsluefni um almenn fjármál fyrir unglunga í 10. bekk, Huxarinn, Efni frá banka og samræður

### Framhaldsskólastig

Svör bárust frá 37 og og nefna margir fleira en eitt námsefni

22 Kennarar útbúa námsefni sjálfir

11 bókin Ferð til fjár (4 styðjast jafnframt við sjónvarpsþættina Ferð til fjár)


3 Stærðfræðibækur

2 Gestafyrirlesarar, Auður, Excel 2013 og Þú átt nóg af peningum

1 Efni af vefnum, VR-skóli lífsins, Auraráð, Fjárinn, Fjármál eftir Ásgeir Valdimarsson, námsefni frá bankakerfinu, Verslunarréttur, Hvað kosta ég?, VR skóli lífsins og Fjármálalæsi fyrir þig eftir Ingvar Frey Ingvarsson og Sigmar Þormar

### Spurning 9 – Yngsta stig grunnskóla


Í hæfniviðmiðum fyrir samfélagsgreinar á yngsta stigi segir meðal annars á bls. 200 í aðalnámskrá grunnskóla: „Við lok 4. bekkjar getur nemandi ... lýst kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu...“ Ef þú hugsar um nemendur skólans almennt, hversu vel eða illa telur þú að nemendur séu í stakk búnir til að gera það?



Mynd 15: Spurning 9 – Yngsta stig grunnskóla

### Spurning 10 – Yngsta stig grunnskóla


Í hæfniviðmiðum fyrir stærðfræði á yngsta stigi segir meðal annars á bls. 213 í aðalnámskrá grunnskóla: „Við lok 4. bekkjar getur nemandi ... notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga...“ Ef þú hugsar um nemendur skólans almennt, hversu vel eða illa telur þú að nemendur séu í stakk búnir til að gera það?



Mynd 16: Spurning 10 – Yngsta stig grunnskóla

### Spurning 11 – Yngsta stig grunnskóla


Í hæfniviðmiðum fyrir heimilisfræði á bls. 154 í aðalnámskrá grunnskóla segir meðal annars að við lok 4. bekkjar geti nemandi „...tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt.“ Ef þú hugsar um nemendur skólans almennt, hversu vel eða illa telur þú að nemendur séu í stakk búnir til að gera það?



Mynd 17: Spurning 11 – Yngsta stig grunnskóla

### Spurning 12 – Miðstig grunnskóla


Í hæfniviðmiðum fyrir samfélagsgreinar á miðstigi segir meðal annars á bls. 200 í aðalnámskrá grunnskóla: „Við lok 7. bekkjar getur nemandi ... sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið.“ Ef þú hugsar um nemendur skólans almennt, hversu vel eða illa telur þú að nemendur séu í stakk búnir til að gera það?



Mynd 18: Spurning 12 – Miðstig grunnskóla

### Spurning 13 – Miðstig grunnskóla

Í hæfniviðmiðum fyrir stærðfræði á miðstigi segir meðal annars á bls. 213 í aðalnámskrá grunnskóla; „Við lok 7. bekkjar ... þekki [nemandi] helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn.“ Ef þú hugsar um nemendur skólans almennt, hversu vel eða illa telur þú að nemendur séu í stakk búnir til að gera það?




Mynd 19: Spurning 13 – Miðstig grunnskóla



### Spurning 14 – Miðstig grunnskóla


Í hæfniviðmiðum fyrir heimilisfræði á bls. 154 í aðalnámskrá grunnskóla segir meðal annars að við lok 7. bekkjar geti nemandi „...gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd.“ Ef þú hugsar um nemendur skólans almennt, hversu vel eða illa telur þú að nemendur séu í stakk búnir til að gera það?



Mynd 20: Spurning 14 – Miðstig grunnskóla

### Spurning 15 – Unglingstig grunnskóla


Í hæfniviðmiðum fyrir samfélagsgreinar á unglingastigi segir meðal annars á bls. 200 í aðalnámskrá grunnskóla: „Við lok 10. bekkjar getur nemandi ... tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verið gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði...“ Ef þú hugsar um nemendur skólans almennt, hversu vel eða illa telur þú að nemendur séu í stakk búnir til að gera það?



Mynd 21: Spurning 15 – Unglingastig grunnskóla

### Spurning 16 – Unglingstig grunnskóla


Í hæfniviðmiðum fyrir stærðfræði á unglingsstigi segir meðal annars á bls. 213 í aðalnámskrá grunnskóla: „Við lok 10.bekkjara ... þekki [nemandi] helstu hugtök um fjármál og geti tekið á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn...“ Ef þú hugsar um nemendur skólans almennt, hversu vel eða illa telur þú að nemendur séu í stakk búnir til að gera það?



Mynd 22: Spurning 16 – Unglingstig grunnskóla

### Spurning 17 – Unglingstig grunnskóla


Í hæfniviðmiðum fyrir heimilisfræði á bls. 154 í aðalnámskrá grunnskóla segir meðal annars að við lok 10. bekkjar geti nemandi „...greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald og geti tekið ábyrgð á eigin útgjöldum og skuldbindingum og þekkt rétt sinn og skyldur sem neytandi.“ Ef þú hugsar um nemendur skólans almennt, hversu vel eða illa telur þú að nemendur séu í stakk búnir til að gera það?



Mynd 23: Spurning 17 – Unglingstig grunnskóla

### Spurning 18 – Framhaldsskólastig


Í hæfniviðmiðum fyrir stærðfræði á bls. 94-97 í aðalnámskrá framhaldsskóla segir meðal annars að nemandi skuli geta hagnýtt þá almennu, sérhæfðu og fræðilegu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér t.d. á sviði daglegs lífs og almennrar menntunar, s.s. á sviði fjármála. Ef þú hugsar um nemendur skólans almennt, hversu vel eða illa telur þú að nemendur séu í stakk búnir til að gera það?



Mynd 24: Spurning 18 – Framhaldsskólastig

### Spurning 19 – Framhaldsskólastig


Í aðalnámskrá framhaldsskóla segir meðal annars á bls. 18: „Efnahagslegur þáttur sjálfbærrar þróunar er nátengdur bæði umhverfis- og samfélagsþættinum. Efnahagskerfi samfélaga skipa stórt hlutverk þegar kemur að skynsamlegri nýtingu auðlinda og sanngjarnri skiptingu þeirra. Þannig er mikilvægt að efnahagsvöxtur byggist hvorki á, né leiði til, óhófls ágangs á náttúruna. Framleiðsla og neysla eru órjúfanlegir þættir samfélags og um leið efnahags hvers einstaklings. Skilningur á eigin vistspori, vistspori samfélaga og þjóða stuðlar að sjálfbærri þróun og hófsemi. Neytendafræðsla og fjármálalæsi eru því mikilvæg forsenda þess að geta metið þarfir okkar í nútíð og framtíð.“ Ef þú hugsar um nemendur skólans almennt, hversu vel eða illa telur þú að nemendur geri sér grein fyrir því?



Mynd 25: Spurning 19 – Framhaldsskólastig

## Spurning 20 – Framhaldsskólastig

Í aðalnámskrá framhaldsskóla segir meðal annars um lykilhæfni í menntun til sjálfbærni á bls. 35 að nemandi „er fær um að taka gagnrýna afstöðu gagnvart umhverfi, samfélagi, menningu og efnahagskerfi.“ Ef þú hugsar um nemendur skólans almennt, hversu vel eða illa telur þú að nemendur séu í stakk búnir til að gera það?



Mynd 26: Spurning 20 – Framhaldsskólastig


## Spurning 21: Ef þú hugsar um kennslu í fjármálalæsi í skólanum þínum og því skólastigi (eða skólastigum) sem þú vinnur við, hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum:

Kennslan felur í sér verklegar æfingar sem líkja eftir raunverulegum aðstæðum

Foreldrar koma að námi barna sinna í fjármálalæsi með beinum hætti.


Námsárangur í fjármálalæsi er metinn sérstaklega.

### Yngsta stig grunnskóla




Mynd 27: Spurning 21 – Yngsta stig grunnskóla

## Miðstig grunnskóla




Mynd 28: Spurning 21 – Miðstig grunnskóla

## Unglingastig grunnskóla




Mynd 29: Spurning 21 – Unglingastig grunnskóla

## Framhaldsskólastig



Mynd 30: Spurning 21 – Framhaldsskólastig


## Öll skólastig



Mynd 31: Spurning 21 – Öll skólastig


## Spurning 22: Telur þú einhverjar hindranir í vegi fyrir kennslu í fjármálalæsi í skólanum þínum og á því skólastigi (eða skólastigum) sem þú vinnur við?

### Yngsta stig grunnskóla



Mynd 32: Spurning 22 – Yngsta stig grunnskóla


## Miðstig grunnskóla



Mynd 33: Spurning 22 – Miðstig grunnskóla




## Unglingastig grunnskóla




Mynd 34: Spurning 22 – Unglingastig grunnskóla

## Framhaldsskólastig



Mynd 35: Spurning 22 – Framhaldsskólastig

## Öll skólastig



Mynd 36: Spurning 22 – Öll skólastig

## Spurning 23: Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri við mennta- og menningarmálaráðuneytið varðandi kennslu í fjármálalæsi og frekari stefnumótun?

Alls bárust 59 svör sem mætti flokka í þrjá meginflokk: athugasemdir um könnunina sjálfa, ákall um frekara námsefni og rýmri kennslutíma og athugasemdir er varða stefnumótun.

Lesi má út úr athugasemdum að fjármálalæsi sé kennurum hugleikið, að þeir séu almennt jákvæðir í garð fjármálalæsiskenndu. Þó eru margir sem hafa áhyggjur af skorti á námsefni og tíma til kennslu. Margar góðar hugmyndir skjóta upp kollinum. Má þar nefna að fjármálalæsi ætti að vera sérstök námsgrein og að leggja eigi sem mesta áherslu á kennslu í efninu. Fram kom áhugaverð hugmynd um nokkurs konar vísindasmiðju sem hægt væri að heimsækja og tvinnnaði saman skemmtun og nám.

### Ábendingar þátttakenda er varða stefnumótun

„Það er nauðsynlegt að hlúa að þessum þætti t.d. með því að auka framboð á námsefni, fyrirlestrum, búa til kennslumyndbönd, fá aðila til að hafa keppni, líkt og Raunveruleikurinn var. Fyrirlestrar utanaðkomandi aðila gætu verið skemmtileg viðbót, eða búa til aðstæður sem hægt er að heimsækja (sbr. Vísindasmiðja Háskóla Íslands, Skólaping eða þess háttar. Nemendum finnst alltaf gaman að fá

tilbreytingu með því að fara úr húsi til að fræðast (til viðbótar við það sem boðið er upp á í skólanum. Í nokkur ár skráði ég 10. bekkinga í fjarnám í Lífsleikniáfangi í FÁ sem gekk út á fjármálafræðslu og nemendur fengu síðan einingar fyrir. Þetta gafst vel en reynist of dýrt í rekstrarumhverfi dagsins í dag. Það er spennandi fyrir nemendur að kynnast fjarnámsumhverfinu og æfa sig í að mennta sig í gegnum fjarnámsmöguleika. Mæli með því að fá einhverja til þess að búa til skemmtilega nálgun (jafnvel keppni) á netinu. : )“

„Væri gott að bjóða upp á fjármálalæsi í vali á unglingsstigi.“

„Tel mjög mikilvægt að efla kennslu í fjármálalæsi sem mest.“

„Gerð samning við fagmann sem kemur í skólana hittir nemendur og kennara.“

„Við viljum að fjármálalæsi sé með enn skýrari hætti hluti af stærðfræði og félagsfræði.“

„Grunnskólarnir eru að verða ofhlaðnir af kröfum um að það eigi að framkvæma hitt og þetta án þess að fjármagn sé sett í hlutina. Kjör kennara verður að bæta.“

„Fjármálafræðsla ætti að vera sérstök námsgrein.“

„Sum af markmiðum eru óraunhæf og ómögulegt að meta s.s. það að nemendur séu fjárhagslega ábyrgir við lok grunnskóla. Það þarf nefnilega að gæta vel að hinni hárfínu línu milli ábyrgðar skólans og heimilanna. Mikilvægt er að kenna fjármálalæsi, en hið raunverulega uppeldi fer fram á heimilinu og í samfélaginu. Því er mjög einnig mjög mikilvægt að stjórnvöld fari fram með góðu fordæmi varðandi læsilegar tölulegar upplýsingar varðandi fjármál ríkisins ( t.d. fjárlög). Eins og þau eru sett fram í dag eru þau tor- eða illskiljanleg fullorðnu vel læsu fólki.“

„Tel að það reyni meira á kennslu í fjármálalæsi á unglingsstigi og mikilvægt að það sé tekið föstum tökum þar.“

„Landsbankinn gaf út efni í fjármálakennslu sem okkur þótti gott þangað til þeir breyttu efninu. Þetta tengdist daglega lífinu og vakti nemendur til umhugsunar.“

„Hér í Hlíðaskóla fléttast fjármálalæsið inn í kennslustundir í stærðfræði og lífsleikni á öllum skólastigunum. Í lífsleikni í unglingsáttunda hafa nemendur tekið þátt í Raunveruleikum og kennsla í fjármálalæsi hefur farið fram þar. Við fáum einnig heimsókn frá t.d VR og í framhaldi er farið í hugtök sem tengjast launaseðlinum og sköttum o.s.frv. Í mars fá nemendur í 10.bekk fræðslu frá Fjármálaviti og sú fræðsla fer fram í peningavíkunni. Námsfnið Auraráð hefur verið notað í kennslu um fjármálavit í 9. -10. bekk. Við getum örugglega gert betur til að efla þetta læsi en þá þarf að setja fram skýrari markmið með kennslunni, hafa rúmari tíma og hafa úr góðu námsfni að móða til að koma betur til móts við nemendur. Eins og allt læsi er fjármálalæsi mikilvægt og mætti því sinna því betur en mér finnst mjög erfitt að gera mér grein fyrir hversu marga tíma nemendur fá í fjármálalæsi á skólaárinu og setti bara 10 (þar sem ég komst ekki upp með að setja ?). Tel að við sinnum þessari kennslu ágætlega í unglingsáttunda en gætum aukið hana á yngri stigum.“

„Kennsla í fjármálalæsi þarf að vera markviss frá 12 til 13 ára aldri. Þó hún sé góð í framhaldsskóla er það í raun of seint til þess að einstaklingur temji sér rétt viðhorf til fjármuna.“

„Það mætti þrýsta á skóla að hafa áfanga í fjármálalæsi sem skyldufag í námskrá, eða finna því skýran stað í öðrum áföngum.“

„Gera fjármálalæsi að skyldufagi.“

„Stærðfræði býður aðeins upp á fjármálaþekkingu s.s. þekkja til peninga og magn þeirra en það er lítið annað í skólabókum þeirra sem taka á fjármálalæsi nemenda - tel það gleymast í öllu öðru sem við kennarar eru að takast á við í kennslu.“

„Það væri ágætt ef hlutirnir væru tilbúnir, almennt, áður en kennurum er skylt að fræða börnin. Svo ekki sé talað um að meta þá.“

„Það þarf að koma skýrt fram hvernig peningar verða til, hvað peningar eiga að samsvara sér við og af hverju þau verða að "gefa" frá sér hluta af þeirra eigin eign til hóps af fólki "úti í bæ" til að fá að kaupa mat í magann á sér með "peningum". Því að neita krökkum um sannleik ástands "fjármálalæsis" "fullorðna" fólksins er siðlaust.“

„Vantar námgögn og skýrari stefnu.“

„Á yngri stigum hentar betur að fella þessa kennslu inn í námsefnið.“

„Það þarf að breyta viðhorfum til fjármála (fjárhagslegra skuldbindinga). Þekkingin er oft til staðar þannig að ef námeftni er búið til þá þarf það að miðast við að breyta viðhorfum.“

„Skilaði sér mjög vel í 9. og 10. bekk að fá aðgang að bannkastarfsmanni inn í þemabundna fræðslu um fjármálin. Mætti útfæra námsefni með það í huga að hinn almenni kennari geti kennt það vel, styðjast t.d. við námsefni á netinu. Einnig þarf að hafa í huga að samkennsla er alfarið kennslufyrirkomulagið í fámennum skólum út á landi og þá samkennsla margra árganga. T.d. er slíkt fyrirkomulag í öllum námsgreinum í 5. - 8. bekk í mínum skóla fyrir utan dönsku.“

„Oftar en ekki er einblínt á eldri nemendur og því er námsefni um fjármálalæsi fyrir yngri nemendur af skorum skammti sem hamlar mikið kennslunni - enn eitt efnið þar sem viljugir kennarar þurfa að finna upp hjólið og semja efnið sjálfir!“

„Þetta er viðfangsefni sem við hér í Hlíðarskóla þyrftum og ætlum að sinna betur. Það er yfirleitt gaman í þessum námsþætti og nemendur og foreldrar jákvæðir.“

„Ég met það þannig að fjármálalæsi kennist í gegnum stærðfræði og heimilisfræði út frá markmiðum þessara greina. Það er ekki endalaust hægt að bæta við nýjum námsgreinum í grunnskóla.“

„Varðar spurningu 12 þá hef ég almennt séð ekki gert ráð fyrir þátttöku foreldra en í einstaka tilvikum þurfa nemendur að leita til foreldra eða annara fullorðna einstaklinga vegna verkefna sem þau gera. Hins vegar veit ég að þó nokkrir foreldrar hafa fylgst með því ég hef fengið pósta frá þeim þar sem þeir eru að lýsa ánægju sinni yfir námsefninu. Oftar en ekki eru það foreldrar sem hafa menntun og þekkingu á þessu sviði svo ég veit ekki hvort þeir foreldrar sem þyrftu á þessari fræðslu að halda hafi fylgst með. Varðandi spurningu 13 þá finnst mér þetta ansi hvasst að segja að það sé andstæða kennara og stjórnenda en það er eigi að síður staðreynd að það var og er ekki vilji til að hafa fjármálalæsi sem skyldunámsgrein fyrir alla eins og mér finnst að það eigi að vera. Ekki síður en umhverfisfræðin sem er núna skylda fyrir alla.“

„Gott að frá utan að komandi aðila, td. Jón Jónsson til að ræða þetta við nemendur þá sér í lagi í 10. bekk. Þannig fæst góður grunnur til að halda áfram að vinna með fjármálalæsi, áhuginn er vakinn, kennarans er að nýta það.“

„Kennsla í fjármálalæsi hefur aukist s.l. tvö skólaár. Gott samstarf hefur verið við banka og fjármálastofnanir sem hafa komið í heimsókn og verið með fræðslu og kynningu um fjármál. Mikilvægt að fá sérhæft fólk til að fjalla um fjármál og koma með fræðslu og reynslu.“

„Kennsla í fjármálalæsi hefur aukist nokkuð á síðustu tveimur árum. Kynning og fræðsla bankanna er fastur liður í náminu. Bankarnir hér hafa skiptst á að koma.“

„Fjármálalæsi ætti að vera skylda í bæði grunnskólum og framhaldsskólum.“

„Fjármálalæsi á framhaldsskólastig þarf að móta þannig að aðeins viðskiptagreinakennarar sinni því. Þetta er stefna SKVOH félags viðskipta og hagfræðikennar í framhaldsskólum. Mikið og gott starf hefur verið unnið í grunnskólum að fjármálafræðslu ekki síst v. starfs Stofnunar um fjármálalæsi. En stuðningur við að byggja upp þó ekki væri nema einn heildstæðan, samræmdan fjármálalæsisáfanga sem hentar framhaldsskólastigi (síðast stigið þar sem tækifæri er til almennrar fjármálalæsismenntun fyrir alla Íslendinga) skortir tiltakanlega. Gefa þarf út kennslubók sem hæfir framhaldsskólastigi með almennum áherslum á ekki aðeins fjármálhugtök og léttar excel æfingar heldur einnig texta sem felur í viðleitni til að efla þekkingu, leikni og færni í gagnrýninni hugsun og meðvitund um frelsi og ábyrgð í fjármálum. Tilraunaáfangar skv. þessum kröfum hafa verið kenndir við MS og Kvinnó. En meðan menntamálayfirvöld eru sinnulítill gerast hlutirnir hægt.“

### Ákall um frekara námsefni

„Það þyrfti að útbúa aðgengilegt námsefni eða vefefni/app.“

„Hvað er ætlast til að nemendur kunni í lok 10. bekkjar í fjármálalæsi. Það vantar gott kennsluefni.“

„Gott að fá stuttar verkefnabækur þar sem afmörkuð hugtök eru tekin fyrir og æfð eftir aldri og þroska nemenda.“

„Mér finnst gott að námsefni sé til sem er tiltölulega nýtt. Hins vegar er þörf á að kenna mörgum fullorðnum í dag þetta sama.“

„Gefa út aukið námsefni fyrir yngra- og miðstigi.“

„Vantar meira og fjölbreyttara námsefni.“

„Skemmtilegt námsefni.“

„Leikur eins og raunveruleikurinn er frábær leið en ekki allir skólar sem taka þátt af því þetta tengist banka. Væri frábært að svona leikur kæmi fyrir alla.“

„Búa til námsefni um þetta og hafa sem sér námsgrein.“

„Ef kennsla í fjármálalæsi á að verða að veruleika verður að setja fjármagn í að búa til námsefni nr. 1 -2- 3“

„Það væri ágætis byrjun að semja námsefni sem hentar þessari mjög háfleygu námskrá. Meðal annars tengdu fjármálalæsi áður en gerð er krafa á kennara að umbreyta áherslum sínum.“

### Ákall um rýmri kennslutíma

„Ég vil að fjármálalæsi sé gefinn sértími í stundarskrá - 1 kennslustund í viku þó það sé gert ráð fyrir að það sé fléttað inn í þessar þrjár áðurgreindar námsgreinar.“

„Kennarar eru venjulegt fólk ekki töframenn sem hægt er að bæta endast vinnu á og segja hókus pókus fyrir næstu kostningar. Skólakerfið þarf meiri tíma en 4 ár eða kjörtímabil til að þróa breytingar. Tímaskortur til að sinna vinnunni er orðinn verulegur.“

„Ef kenna á fjármálalæsi til að uppfylla aðalnámskrá verður líka að setja inn tímamagn með. Við kennarar eigum fullt í fangi með að uppfylla þau stærðfræðinámsmarkmið sem við eigum að uppfylla með 5 kennslustundir á viku.“

„Ég legg til að stofnuð sé viðskipta- og hagfræðibaut við FSS í stað þess að aðeins sé kennt fjármálalæsi og önnur viðskiptafræði á fjölgreinasviði við Fjölbrotaskóla Suðurnesja.“

„Það er erfitt að koma öllu fyrir í stundatöflu þegar allir tímar eru nýttir í botn. Það er ekki hægt að troða öllu/allir fræðslu inn í grunnskólana. Það hlýtur einhvern tíma að vera komið nóg.“

„Vegna styttingar framhaldsskólans mun námsefni í stærðfræði skerðast. Það er mikil yfirferð og erfitt að koma fjármálalæsi fyrir í námsefni.“

Vandinn er sá að með því að setja eitthvað nýtt námsefni inn þarf að taka annað út á móti. Er sérstaklega vandi hjá okkur á náttúruvísindabrautinni.

### Ábendingar um könnunina sjálfa

„Þekki ekki til þessarar kennslu í skólanum þar sem hún kemur ekki inn á mitt svið.“

„Þessi könnun er þannig upp sett að ég er ekki viss um að hún muni skila þeim upplýsingum sem henni er ætlað að ná.“

„Af hverju biðjið þið um nafn skóla í upphafi könnunar? Eg var hissa á því og þá spyr ég aftur: Hvernig farið þið með þessar niðurstöður? Skrýtnir svarmöguleikar í spurningu 6 þ.e. neðsti og næstneðsti möguleikinn, voru eins að mínu mati.“

„Ég kenndi ekki í þessum skóla í fyrra rennsi ég algjörlega blint í sjóinn þegar ég svaraði hversu margir tímar kenndir voru á síðasta skólaári.“

„Erfitt að svara sumum spurningum vegna orðalags og möguleika svara.“

„Hægt er að svara fyrir öll skólastig saman og spurningarnar þess eðlis að til að geta svarað vel þá þarf að gefa sér langan tíma í að skoða viðfangsefnið að mínu mati.“

„Í sp. 9.-10. & 11. er þá átt við þegar nemendur koma í skólann eða eftir að þeir hafa lokið námi? V. sp. 4. og 6. þá eru námskrár í iðnnámi enn í vinnslu svo "skólinn" á ekki endilega við heldur nýjar námsleiðir til stúdentsprófs.“

„Það væri ekki úr vegi að kanna stöðu fleiri greina.“

## Heimildir

- Breki Karlsson, Bryndís Björk Pétursdóttir, Þorlákur Karlsson (2011). *Rannsókn á fjármálalæsi Íslendinga árið 2011: samanburður við 14 önnur OECD ríki*. Reykjavík: Stofnun um fjármálalæsi.
- Fernandes D., Lynch Jr. J.G, Netemeyer R.G. (2013). *The Effect of Financial Literacy and Financial Education on Downstream Financial Behaviors*. National Endowment for financial Education. Sótt 4.apríl 2016 af [www.nefe.org/portals/0/whatweprovide/primaryresearch/pdf/cu%20final%20report.pdf](http://www.nefe.org/portals/0/whatweprovide/primaryresearch/pdf/cu%20final%20report.pdf)
- Gurría, A. (2014). *Ræða flutt á kynningu niðurstaðna PISA rannsóknar á fjármálalæsi*. Sótt 4.apríl 2016 af [www.oecd.org/about/secretary-general/launch-of-pisa-financial-literacy-assessment.htm](http://www.oecd.org/about/secretary-general/launch-of-pisa-financial-literacy-assessment.htm)
- Ki-moon, B. (2012). *Message to the first child and youth finance international summit*. United Nations. Sótt 4.apríl af [mastercardfdn.org/wp-content/uploads/UN-SG-Message.pdf](http://mastercardfdn.org/wp-content/uploads/UN-SG-Message.pdf)
- Lusardi A. og Mitchell O.S. (2011). *Financial literacy around the world: An overview*. Cambridge University Press. Sótt 4.apríl 2016 af [dx.doi.org/10.1017/S1474747211000448](http://dx.doi.org/10.1017/S1474747211000448)
- Lyons, A. C. (2007). *Credit Practices and Financial Education Needs of Midwest College Students*. Sótt 4.apríl 2016 af [papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract\\_id=1060801](http://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract_id=1060801)
- Már Guðmundsson (2016). *Ræða flutt á 55. ársfundi Seðlabanka Íslands*. Sótt 4.apríl 2016 af [www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn---EN/Speeches/MG%20ársfundarræða%202016%20LOKA.pdf](http://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn---EN/Speeches/MG%20ársfundarræða%202016%20LOKA.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011 og greinasvið 2013 (2. útg. með breytingum 2015)*. Sótt 14. apríl 2016 af [www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/](http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/)
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2011). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2011*. Sótt 14. apríl 2016 af [www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-framhaldsskola/](http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-framhaldsskola/)
- OECD (2009). *Financial Education and the Crisis: Policy Paper and Guidance*. París: OECD
- OECD (2013). *Advancing National Strategies for Financial Education: A Joint Publication by Russia's G20 Presidency and the OECD*. Sótt 4.apríl 2016 af [www.oecd.org/finance/financial-education/G20\\_OECD\\_NSFinancialEducation.pdf](http://www.oecd.org/finance/financial-education/G20_OECD_NSFinancialEducation.pdf)
- Stýrihópur um fjármálalæsi (2014). *Fjármálafræðsla í grunn- og framhaldsskólum*. Sótt 25. apríl 2016 af [www.brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=3EB51F54E26C6CAF00257D8E0040BEEB&action=openDocument](http://www.brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=3EB51F54E26C6CAF00257D8E0040BEEB&action=openDocument)
- Torgin (2016). Sótt 25.apríl 2016 af [www.menntamidja.is](http://www.menntamidja.is)